

# HS Veitur hf.

---

Samandreginn árshlutareikningur

---

**1.1.-30.6.2017**

---

HS Veitur hf.  
Brekustíg 36  
260 Reykjanesbæ  
kt. 431208-0590

# HS Veitur hf.

---

## Samandreginn árs hlutareikningur

---

### 1.1.-30.6.2017

#### **Efnisyfirlit**

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Yfirlit um eigið fé	7
Skýringar	8-13

---

# Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í HS Veitum hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Ábyrgð endurskoðanda

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningnum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2017 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 23. ágúst 2017

## Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfredsson  
endurskoðandi

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins 3.050 milljónum og nam heildarhagnaður kr. 346 milljónum. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 20.534 milljónum, bókfært eigið fé er kr. 8.606 milljónir og er eiginfjárhlutfall félagsins 42%. Enginn arður var greiddur á tímabilinu en eigin bréf voru keypt fyrir 500 milljónir króna.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 4 en þeir eru:

Reykjanesbær með 50,1% hlut, HSV Eignarhaldsfélag slhf. með 34,38% hlut, Hafnarfjarðarbær með 15,42% hlut og Sandgerðisbær með 0,1% hlut.

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þáttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingarátunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til viðtökufélagsins þegar áætlunin var birt. Er því félagið ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf. að fjárhæð 5.429 millj. kr. þann 30. júní 2017. Í skýringu 10 er farið nánar yfir stöðu HS Orku hf.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra HS Veitna hf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30. júní 2017, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2017.

Stjórn og framkvæmdastjóri HS Veitna hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 með undirritun sinni.


Reykjanesbær, 23. ágúst 2017


## Í stjórn

  
Gunnar Þórarinnsson  
stjórnarformaður

  
Árni Sigfússon

  
Heiðar Guðjónsson


  
Davíð Hreiðar Stefánsson

  
Guðný Birna Guðmundsdóttir

  
Þóðvar Jónsson

  
Skarphéðinn Orri Björnsson

## Forstjóri

Júlíus Jónsson  


## Yfirlit um heildarafkomu 1.1.-30.6.2017

	Skýr.	2017 01.01.-30.06	2016 01.01.-30.06
Rekstrartekjur .....	6	3.049.805	2.919.194
Kostnaðarverð sölu .....		(2.105.383)	(1.918.157)
<b>Vergur hagnaður</b>		<u>944.422</u>	<u>1.001.036</u>
Annar rekstrarkostnaður .....		(318.306)	(304.691)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>626.116</u>	<u>696.345</u>
Fjármunatekjur .....		55.818	96.591
Fjármagnsgjöld .....		(286.720)	(324.132)
Gengismunur .....		(1.147)	4.233
	7	<u>(232.048)</u>	<u>(223.308)</u>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		394.067	473.037
Tekjuskattur .....		(48.404)	(68.866)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b>		<u><u>345.663</u></u>	<u><u>404.171</u></u>
<b>Hagnaður á hlut:</b>			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....		0,35	0,39
<b>Aðrar upplýsingar:</b>			
EBITDA .....		973.052	1.002.063

# Efnahagsreikningur 30. júní 2017

Eignir	Skýr.	30.06.2017	31.12.2016
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....		17.439.732	17.016.428
Óefnislegar eignir .....		831.451	726.676
Eignarhlutar í félögum .....		34.214	34.214
		<u>18.305.396</u>	<u>17.777.318</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....		348.933	296.164
Víðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		770.806	1.044.179
Handbært fé .....		1.109.092	1.586.493
		<u>2.228.831</u>	<u>2.926.837</u>
<b>Eignir</b>		<u>20.534.228</u>	<u>20.704.155</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		953.600	1.011.300
Lögbundinn varasjóður .....		238.400	252.825
Óráðstafað eigið fé .....		7.414.162	7.496.374
		<u>8.606.162</u>	<u>8.760.499</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	8	8.232.415	8.307.856
Aðrar langtímaskuldir .....	9	696.013	640.561
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		546.780	590.737
Tekjuskattsskuldbinding .....		1.250.357	1.242.084
		<u>10.725.565</u>	<u>10.781.239</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Víðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		717.011	641.451
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....		354.958	345.509
Ógreiddir reiknaðir skattar .....		40.131	82.571
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		90.401	92.887
		<u>1.202.501</u>	<u>1.162.418</u>
		<u>11.928.066</u>	<u>11.943.656</u>
		<u>20.534.228</u>	<u>20.704.155</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi 1.1.-30.6 2017

Skýr.	2017 01.01.-30.06	2016 01.01.-30.06
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Rekstrarhagnaður .....	626.116	696.345
Afskriftir .....	346.936	305.718
Sölutap (-hagnaður) fastafjármuna .....	19	(1.415)
Hækkun annarra langtímaskulda .....	55.451	79.265
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>1.028.522</b>	<b>1.079.913</b>
Vörubirgðir, (hækkun) .....	(34.001)	(2.197)
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun .....	265.537	129.007
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun .....	(21.061)	76.579
Fyrirframinnheimtar tekjur (lækkun), hækkun .....	(46.444)	51.518
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>1.192.553</b>	<b>1.334.820</b>
Innborgaðir vextir og arður .....	63.655	100.896
Greiddir vextir .....	(145.159)	(182.408)
Greiddir skattar .....	(39.495)	(36.809)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>1.071.554</b>	<b>1.216.499</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	(760.307)	(1.081.727)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(114.984)	(70.970)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	258	2.248
	<b>(875.033)</b>	<b>(1.150.448)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Afborganir langtímaskulda .....	(172.770)	(163.456)
Lækkun hlutafjár .....	(500.000)	(500.000)
	<b>(672.770)</b>	<b>(663.456)</b>
Lækkun handbærs fjár .....	(476.249)	(597.405)
Handbært fé í upphafi árs .....	1.586.493	2.691.415
Gengismunur handbærs fjár .....	(1.152)	0
	<b>1.109.092</b>	<b>2.094.010</b>

## Eiginfjáryfirlit 1.1.-30.6 2017

---

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2016 .....	1.074.300	268.575	7.181.686	8.524.561
Keypt eigin bréf .....	(63.000)	(15.750)	(421.250)	(500.000)
Heildarafkoma tímabilsins .....			404.171	404.171
Eigið fé 30. júní 2016 .....	1.011.300	252.825	7.164.607	8.428.732
Eigið fé 1. janúar 2017 .....	1.011.300	252.825	7.496.373	8.760.499
Keypt eigin bréf .....	(57.700)	(14.425)	(427.875)	(500.000)
Heildarafkoma tímabilsins .....			345.663	345.663
Eigið fé 30. júní 2017 .....	953.600	238.400	7.414.161	8.606.162

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 953,6 millj. kr. þann 30. júní 2017 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.



## 1. Félagið

HS Veitur hf. er hlutfélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Lögheimili þess er að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samandreginn árshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning fyrir árið 2016. Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings 2016. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á vef þess [www.hsveitur.is](http://www.hsveitur.is)

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

## 4. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif notkun reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingunum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Samandreginn árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 var samþykktur af stjórn þann 23. ágúst 2017.

## 5. Stýring fjármálalegrar áhættu

### Yfirlit

Stjórn félagsins ber að innleiða áhættustýringu og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu þess.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

### Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

### Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við forvera þess og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptavina er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Innheimtustjóri skoðar reglulega tölulegar upplýsingar um breytingar á aldri viðskiptakrafna. Viðskiptamenn sem ekki standa í skilum geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir á grundvelli samkomulags.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu

## 5. Stýring fjármálaþrættar áhættu (framhald)

### Lausafjárþætta

Lausafjárþætta er þætta á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldþingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldþingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

### Markaðsþætta

Markaðsþætta er þætta á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsþætta er að stýra og takmarka áhættu við skilgrein mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

### Gjaldmiðlaþætta

Gjaldmiðlaþætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

### Vaxtaþætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum verðtryggðum vöxtum. Snýr því vaxtaþætta félagsins fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga.

### Önnur markaðsverðsþætta

Önnur markaðsverðsþætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

### Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Í skuldabréfaflokki HSV 13/01 er ákvæði þess efnis að það er heimild til gjaldfellingar bréfanna fari eiginfjárlutfall undir 35%.

### Rekstrarþætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 2016 er leyft WACC 5,92% (eigið fé 8,85% og lánsfé 3,52%), en án vaxta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjuramma er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

Á grundvelli ákvæða laga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla er ekki færð í ársreikninginn skuldþing vegna hugsanlegra oftekinna tekna árána 2011 - 2016.

# Skýringar

## 6. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Enginn viðskiptavinur er með yfir 10% af heildartekjum ársins.

1. janúar til 30. júní 2017	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals .....	1.615.918	1.023.945	330.305	79.638	3.049.805
Rekstrarafkoma starfsþátta .....	261.574	210.608	141.325	12.610	626.116
<b>Óskiptir liðir:</b>					
Fjármagnsliðir .....					(232.048)
Tekjuskattur .....					(48.404)
Heilarhagnaður ársins .....					<u>345.663</u>
Eignir starfsþátta .....	12.056.602	3.788.052	2.331.065	95.464	18.271.182
Óskiptar eignir .....					2.263.045
Eignir samtals .....					<u>20.534.228</u>
Óskiptar skuldir .....					11.928.066
Fjárfestingar .....	527.710	255.225	77.822	14.535	875.291
Afskriftir .....	222.757	68.939	53.385	1.856	346.936
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....					973.052
<b>1. janúar til 30. júní 2016</b>					
	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals .....	1.520.147	983.968	305.596	109.483	2.919.194
Rekstrarafkoma starfsþátta .....	334.813	248.557	114.959	(1.984)	696.345
<b>Óskiptir liðir:</b>					
Fjármagnsliðir .....					(223.308)
Tekjuskattur .....					(68.866)
Heilarhagnaður ársins .....					<u>404.171</u>
Eignir starfsþátta .....	11.449.103	3.396.566	2.255.218	140.076	17.240.963
Óskiptar eignir .....					3.186.231
Eignir samtals .....					<u>20.427.194</u>
Óskiptar skuldir .....					11.943.656
Fjárfestingar .....	848.455	187.863	83.781	32.598	1.152.697
Afskriftir .....	201.344	55.905	46.553	1.916	305.718
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....					1.002.063

# Skýringar

## 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	1.1.-30.06.2017	1.1.-30.06.2016
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	40.251	82.163
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	14.342	13.202
Arður af hlutabréfaeign .....	1.225	1.225
	<u>55.818</u>	<u>96.591</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af langtímalánum .....	(191.556)	(194.676)
Verðbætur langtímalána .....	(93.483)	(128.471)
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum .....	(953)	(693)
Dráttarvextir .....	(728)	(292)
	<u>(286.720)</u>	<u>(324.132)</u>
Gengismunur fjáreigna og fjárskulda greinist þannig:		
Gengismunur .....	(1.147)	4.233
	<u>(1.147)</u>	<u>4.233</u>
	<u>(232.048)</u>	<u>(223.308)</u>

## 8. Vaxtaberandi skuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.06.2017	31.12.2016
Óveðtryggt skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum .....	8.587.373	8.653.365
	8.587.373	8.653.365
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(354.958)	(345.509)
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>8.232.415</u>	<u>8.307.856</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	30.06.2017	31.12.2016
Afborganir 1.7.2017-30.6.2018 / 2017 .....	354.958	345.509
Afborganir 1.7.2018-30.6.2019 / 2018 .....	1.585.572	1.562.385
Afborganir 1.7.2019-30.6.2020 / 2019 .....	383.116	372.160
Afborganir 1.7.2020-30.6.2021 / 2020 .....	397.618	386.247
Afborganir 1.7.2021-30.6.2022 / 2021 .....	412.668	400.867
Afborganir síðar og til 2033 .....	5.709.903	5.858.910
	<u>8.843.836</u>	<u>8.926.078</u>

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	30.06.2017	31.12.2016
Óveðtryggt skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum.....	3,96%	3,96%

Afföll vaxtaberandi skulda nema um 273 milljónum króna þann 30. júní 2017 (31. desember 2016: 273 mkr) og eru færð til lækkunar bókfærðu virði og gjaldfærð yfir líftímann.

## 9. Aðrar langtímaskuldir

Félagið hefur tekið þátt í kostnaði vegna hækkana á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. Ástæðan er sú að hluti starfsmanna HS Veitna hf. (og til ársins 2015 hluti starfsmanna HS Orku hf sem unnu fyrir HS Veitur samkvæmt verksamningi) eru enn að auka réttindi sín, sem þá hefur hækkað skuldbindingu HS Orku hf., sem annast greiðslur vegna þessara skuldbindinga til viðeigandi lífeyrissjóða. Hlutdeild félagsins í hækkunum á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. var til ársins 2015 greidd með álagi á keypta þjónustu HS Orku hf en engar greiðslur voru til HS Orku hf. vegna þessa á árinu en 40,6 milljónir á árinu 2015.

Að auki hefur hlutdeild HS Veitna hf í eldri lífeyrisskuldbindingu HS Orku hf. verið færð sem langtímaskuld við HS Orku hf. Stóð skuldin í lok tímabilsins í 696 milljón króna en í árslok 2016 stóð hún í 641 milljónum króna. Hækkun tímabilsins var 55 milljónir króna. Ágreiningur er milli félaganna um stöðu og lögmæti þessarar langtímaskuldar.

Í ársbyrjun 2015 færðust 83 starfsmenn HS Orku hf. til HS Veitna hf. Þar af leiðandi þurfti að endurskoða verksamning milli félaganna. Við þá endurskoðun komust stjórnendur HS Veitna hf. að þeirri niðurstöðu að meðhöndlun á hlutdeild félagsins í lífeyrisskuldbindingu HS Orku hf. væri ekki í samræmi við skiptingu eigna og skulda þegar Hitaveitu Sudurnesja hf. var skipt upp árið 2008 í þessi tvö félög. Hún væri jafnvel ólögmæt. Því var gerður viðauki til eins árs í janúar 2015 við nýja verksamninginn og samkvæmt viðaukanum greiddu HS Veitur ákveðna mánaðarlega upphæð til HS Orku. Í viðaukanum kom fram að stefnt væri að því að leysa úr þessum ágreiningi á árinu 2015 en það tókst ekki og því ekki í gildi neitt samkomulag um greiðslur HS Veitna til HS Orku frá 1.1.2016. Aðilar komust þó að samkomulagi um að leggja ágreininginn fyrir dómstóla til úrlausnar. Er málið nú til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjaness. Verði niðurstaða málsins HS Veitum í vil mun það hafa veruleg áhrif til hagsbóta fyrir félagið. Gangi dómur á hinn bóginn gegn HS Veitum, yrðu áhrif þess lítil sem engin á bókfærða stöðu félagsins, fyrir utan kostnað af málarekstrinum, þar sem meðhöndlun lífeyrisskuldbindinga í reikningum er með sama hætti og verið hefur.

## 10. Skuldbindingar

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þáttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingarátunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til þeirra þegar átunin var birt. Er félagið því ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf. að fjárhæð 5.429 millj. kr. í lok tímabilsins (6.659 millj. kr. í árslok 2016).

Samkvæmt árshlutareikningi sem HS Orka hefur skilaði fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2017 var heildarhagnaður tímabilsins 1.995 millj. kr. (2016: 1.278 millj. kr.), eigið fé félagsins var 70,7% þann 30. júní 2017 (árslok 2016: 66,7%) og handbært fé frá rekstri var 840 millj. kr. (2016: 1.147 millj. kr.). Er það mat stjórnenda að líkur á að á þessa ábyrgð reyni séu hverfandi.

## 11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög 1.janúar til 30. júní 2017:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Reykjanesbær, hluthafi .....	0	57.737	9.155	7.900
Hafnarfjarðarbær, hluthafi .....	249	48.290	8.201	7.283
	249	106.027	17.355	15.183
Viðskipti við tengd félög 1.janúar til 30. júní 2016:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Reykjanesbær, hluthafi .....	287	60.119	10.726	3.102
Hafnarfjarðarbær, hluthafi .....	64	47.829	7.917	5.677
	351	107.949	18.644	8.779

## 12. Þjónustu- og verkkaupasamningar

Félagið selur þjónustu til HS Orku hf. á sviði reikningagerðar og innheimtu samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna.